

Priðjudaginn 7. október 1952.

Nr. 46/1952. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson)
 gegn
Árna Brynjólfssyni (Guttormur Erlendsson).

Bifreiðarslys. Brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940, bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Árni Brynjólfsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Ragnars Jónssonar og Guttorms Erlendssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. febrúar 1952.

Ár 1952, föstudaginn 15. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 473/1952: Ákærvaldið gegn Árna Brynjólfssyni, sem dómtekið var 1. þ. m.

Mál þetta var hinn 9. maí f. á. höfðað gegn Árna Brynjólfssyni rafvirkja, Hallveigarstig 2 hér í bæ, fyrir brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, lögum nr. 23/1941 og nr. 24/1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Ákærði, sem fæddur er 1. apríl 1924, hefur ekki fyrr sætt ákæru né refsingu.

Um kl. 17.00 hinn 5. des. 1950 ók ákærði bifreið sinni R 2941, sem er pallbifreið af gerðinni Ford, árg. 1928, niður Laugaveg og Bankastræti. Myrkt var, en lýsing góð á götunni. Rigning var og gatan blaut. Ákærði nam að eigin sögn staðar við mót Laugavegar og Skólavörðustígs, enda sýndi götuvatinn rautt ljós, en er ljósin skiptu, ók hann áfram og beygði síðan inn í Ingólfsstræti til vinstri. Í þann mund var 65 ára gömul kona, Guðríður Einarsdóttir, að ganga niður Bankastræti og ætlaði að fara yfir Ingólfsstrætið. Leiddi hún litla telpu við hægri hönd sér. Fór nú svo, að í því er þær gengu út á Ingólfsstrætið, var R 2941 beygt inn í strætið, og varð nú telpan fyrir framhorni R 2941, og féllu bæði hún og Guðríður í götuna. Ákærði stöðvaði bifreiðina í sömu svifum. Ákærði kveðst hafa séð telpuna, er hann var að taka beygjuna, og hafa þá hemlað bifreiðina, en þó hafi vinstra horn framstuðarans lent á hægri hlið hennar og felld hana. Konuna kveðst hann hins vegar ekki hafa séð, fyrr en hann kom út úr bifreiðinni, en hún hafi þá sagt, að hún hefði dottið á götuna við það, að telpan féll. Telur ákærði, að bifreið sín hafi alls ekki lent á konunni, heldur muni hún hafa dottið af öðrum ástæðum. Guðríður staðhæfir hins vegar, að bifreiðin hafi lent á sér og felld sig, en bifreiðin hafi ekki beinlínis lent á barninu, en þó hafi fótur þess klemmzt við vinstra framhjól bifreiðarinnar.

Eftir slysið ók ákærði Guðríði á spítala. Hún reyndist hafa brotnað á vinstri framhandlegg og marizt (fract. antibrachii sin. & contusio reg. lumb. et glut. sin.). Telpan meiddist hins vegar ekki.

Vitnið Eiríkur Þorleifsson rafvirki sat í framsæti bifreiðar ákærða, hægra megin við ákærða. Hann kveður enga þurrku hafa verið hægra megin á framrúðu, en vinstra megin var þurrka (framan við ákærða). Hann kveður ákærða hafa ekið mjög hægt, er hann tók beygjuna. Kveðst hann allt í einu hafa séð konuna og telpuna vinstra megin og framan við bifreiðina og hafa ætlað að fara að aðvara ákærða, en hann hafi þá hemlað bifreiðina og stöðvað hana. En í sama bili hafi bæði telpan og gamla konan fallið í götuna, og telur Eiríkur bifreiðina hafa komið við telpuna, en ekki við konuna.

Telja verður ljóst, að ákærði hafi með akstri sínum orðið þess valdandi, að Guðríður féll í götuna, enda þótt ágreiningur sé um, hvort bifreið hans hafi beinlínis lent á henni. Ákærða bar, er hann beygði til vinstri inn á Ingólfsstræti, að virða umferðarrétt gangandi fólks yfir Ingólfsstræti, þar sem það gekk á móti grænu umferðarljósi. Þessarar skyldu gætti ákærði ekki, svo sem vera bar. Þykir hann með því hafa brotið 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga svo og 219. gr. almennra hegningarlaga með tilliti til meiðsla þeirra, er hlutast af ógætni hans.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist hún með varðhaldi í 4 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. á m. kr. 300.00

í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns.

Dráttur varð allmikill á rekstri málsins, og stafar hann af því, að tafsamt reyndist að afla gagna, er verjandi ákærða óskaði eftir, svo og sakir embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Brynjólfsson, greiði til ríkissjóðs 500 króna sekt, er afplánist 4 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal 300 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. október 1952.

Nr. 101/1952. **Ákæruvaldið** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Inga Haraldi Þorvaldssyni Kröyer

(Ólafur Þorgrímsson)

og

Guðjóni Breiðfjörð Jónssyni

(Lárus Jóhannesson).

Bifreiðarslys. Brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940, bifreiðalögum og reglugerð um gerð og notkun bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Hálka var á veginum, þar sem slys það, er í málinu greinir, gerðist. Ákærða Inga Haraldi bar því að gæta ýtrustu varúðar í akstri sínum og vera við því búinn að stöðva bifreið sína, ef þörf krefði. Er ákærði blindaðist, stöðvaði hann bifreið sína ekki, svo fljótt sem honum hefði átt að vera þess kostur, ef hann hefði samkvæmt framangreindu hagað akstri sínum eftir aðstæðum og beitt réttum aðferðum við stöðvun bifreiðarinnar. Er því í ljós leitt, að af hendi ákærða hefur skort á næga varkárni í akstri og stjórn bifreiðarinnar, og